

**Nr. 19-153 S 093 Þinganes ÁR 25*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.* 2040  
*IMO* 8812033  
*Smíðaður:* Portúgal 1991, stál  
*Útgerð.* Skinney-Þinganes hf.  
*Stærð:* 161,6 brl. 262 bt.  
*Mesta lengd:* 25,96 m *Skráð lengd:* 25,14 m  
*Breidd:* 7,9 m *Dýpt:* 6,2 m  
*Vél:* Deutz 735 kW, 1991  
*Fjöldi skipverja:* 9



Þinganes © NN

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2020 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 7. október 2019 var Þinganes ÁR 25 á togveiðum á SA miðum. Veður: 15 m/s og ölduhæð um 4 m.

Skipverjar voru að skipta um grandara á trollinu og var skipinu haldið upp í veðrið. Við þetta náðu bakstroffurnar að húkkast upp á eyra á toghleranum sem dauðaleggurinn lá í og ætlaði einn þeirra að kippa henni af eyranu með höndunum en varð á milli og klemmdist á þumalfingri hægri handar. Fingurinn bólgaði mikið upp en brotnaði ekki.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.